SEÐLABANKI ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1650
komudagur 5.4.2004

1. apríl 2004
16362

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 11. mars 2004 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, 336. mál.

Seðlabanki Íslands mælir ekki gegn úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi. Alkunna er hins vegar að þau hafa breyst hratt að undanförnu og að líklegt er að áfram geti orðið tiltölulega örar breytingar. Verði ákveðið að gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum telur bankinn því að heppilegt yrði að afmarka og skipuleggja hana með þeim hætti að vinna mætti hana hratt þannig að hún gefi tiltölulega glögga mynd af stjórnunar- og eignatengslum á þeim tíma þegar niðurstöður hennar verða birtar.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605